9. Ávarp til lesenda Dýraverndarans.

3 blöð.

Dýraverndarinn óskar yður öllum og vinum yðar gleðilegra jóla og góðs nýs árs!

Þeirrar gleði og gæfu, sem vér vonum að verði hlutskifti yðar allra, óskum vér og vonum, að þér vilduð einnig láta dýrin verða aðnjótandi með yður, en það getið þér á þann veg, hlúa ~~sem~~ svo best vel að þeim sem best þér getið. Þér megið vera þess full viss, að það eykur við yðar eigin ánægju og gleði, að vera yður þess meðvitandi að þér hafið gjört allt sem í yðar valdi stendur í því að fullnægja sem best hinum sáru þörfum hinna umkomulausu dýra, ~~sem~~ hvers kyns sem eru og þér náið til eða sem falin eru yðar varðveizlu og verndarskjóli.

Dýrin geta ekki látið óskir sínar uppi við yður á annan veg en þann, að mæna til yðar bænar-augum og biðja yður að bæta kjör sín; þau vita ekki, sem er, að það er á yðar valdi að láta þeim líða vel, en þau skilja góðvini yðar ef þér gerið það. Látið því hið ~~saklausa~~ innilega og sakleysislega augnatillit þeirra minna yður á, jafnframt því sem þér sjálfir njótið jólagleðinnar og þeirra gæða nýja ársins, sem yður kunna í skaut að falla, að þar er talað til yðar því máli, sem skaparinn allrar skepnu ætlast til að þér skiljið svo, sem hann segi við yður: „<u>Miskunnsemi þóknast mér.</u>“ Hann vill þér og dýrin megið lifa gleðileg jól og gott ár!

~~Kæru börn og unglingar~~

Heiðruðu lesendur Dýraverndarans! Kæru börn og unglingar!

Atburði þeim hinum mesta er skeð hefir í heiminum nú fyrir rúmum nítján hundruðum ára, þarf eigi að lýsa hér – það er gjört svo víða um heim allan – en vér viljum mega benda yður á nokkra þá staði í heil. ritningu ~~þýþ~~ – einkum Lúkasarguðspjall 1–2i – og í sálmabók vorri – jólasálmana nr. 70–72. 73. og 79 – er vér gjörum ráð fyrir, að yður verði nú sem jafnan áður og síðar, unun að lesa. Allir þessir tilvitnuðu staðir benda oss á, að meistari heimsins, frelsari alls sem lifir, fæddist meðal „fjárhirða er vóru úti ~~og vökudu~~ ~~sín~~ og héldu nætur vörð yfir hjörð sinni." Og það varð, þá er ~~hirðarnir~~ englarnir voru farnir frá þeim til himins, að hirðarnir sögðu hver við annan: ... sjáum þennan atburð sem orðinn er og drottinn hefir kunngjört oss

---

Atburði þeim hinum mesta er skeð hefir á ~~jörðu hér~~ og heiminum og sem birtist fyrir rúmum nítján hundruð~~um~~ árum þarf eigi að lýsa hér – það er gjört svo víða um heim allan, en hann sýnir m. a. að, „sá guð, er ræður himni háum, hann hvílir nú í dýrastalli lágum", að frelsari heimsins fæddist meðal fjárhirða er voru úti og héldu ~~vörð~~ náttvörð yfir hjörð sinni."

Heiðruðu lesendur Dýraverndarans, yngri sem eldri!

Vér óskum yður öllum og vinum yðar ~~góðra~~ gleðilegra Jóla og góðs nýs árs! Þessar gleði og gæfu, sem vér vonum, að verði hlutskifti yðar allra og hvers um sig, viljum vér óska að þér vilduð láta dýrin einnig verða aðnjótandi með yður með því að fara svo vel með þau sem bezt þér getið ~~og láta~~ svo að þeim líði sem bezt. Þér megið vera þess fullviss að það eykur við yðar eigin ánægju og gleði, að vera yður þess meðvitandi, að þér hafið gjört allt það er í valdi yðar stendur ~~með því~~ í því að fullnægja ~~þö~~ hinum sáru þörfum hinna umkomulitlu, málausu dýra, hvers kyns sem eru er þér náið til og yður eru falin til verndar og varðveizlu.

Dýrin geta aldrei látið óskir sínar í ljósi við yður, á annan ~~hátt~~ veg en mæna til yðar bónar-augum og að bæta kjör þeirra jafnvel þótt þau viti aldrei, sem er, að það er að miklu leyti á yðar valdi að láta þeim líða vel.

Látið því augntillit þeirra til yðar minna yður á, að jafnframt því sem þér njótið gleði jólanna og þeirrar gæfu sem þér verðið aðnjótandi á hinu nýja ári, ætlast skapari yðar og dýranna til þess ~~af~~ yður að þér finnið til með þeim og reynið að láta ~~þa~~